

Kjöt og kynjastjórnmál - birtist í Bændablaðinu 4. júní 2020

Á áttunda áratugi liðinnar aldar óx svonefndum vistkvenfrelsunarfræðum fiskur um hrygg. „Vistkvenfrelsun er það svið kvenfrelsunar, þar sem litið er til umhverfishyggju (environmentalism) og tengsla kvenna við jörðina sem grundvöll greiningar og starfs.“ (Wikipedia) Kjötneysla er í brennidepli: „Kjötneysla er í eðli sínu kynbundin aðgerð, sem er nátengd kerfisbundinni hlutgervingu kvenna og (annarra) dýra,“ segir norður-ameríski heimspekingurinn, Christina van Dyke, í bókarkafli sínum; „Karlmannlegt kjöt og kynbundið át“ (Í safnrítinu: Heimspekin er komin til kvöldverðar: rökræður um siðferði átsins. (Philosophy Comes to Dinner: Argument About the Esthics of Eating (2016)).

Grundvallarkennisetning vistkvenfrelsunar eins og annarra sviða kvenfrelsunarfræða, er sótt til frumherjans, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902) árið 1868, tuttugu árum, eftir að hún færði í letur frelsisýfirlýsingu kvenna í Seneca Falls. Kennisetningin hljómar svo: „Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfelskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“

Franskir kvenfrelsarar með heimspekijöfurinn, Simone de Beauvoir (1918-1986) í broddi fylkingar, plægðu fyrstar þann akur, sem nú er kallaður kvenvistfræði (eco-feminism) upp úr miðri tuttugustu öldinni. Í verki sínu, „Síðra kyninu“ (eða „hinu“ kyninu; *Le Deuxième Sexe*), gaf hún tóninn í anda fræðamóður sinnar frá Norður-Ameríku: „Hvarvetna og á öllum skeiðum sögunnar hafa karlar notið þess blygðunarlaust að vera herrar sköpunarverksins.“ Náttúra og kona eru lögð að jöfnu sem kúgunarviðfang karlsins.

Næst kveður sér hljóðs á frönsku vígstöðvunum, Françoise d'Eaubonne (1920-2005) í bókinni, „Kvenfrelsun eða dauðinn ella“ (*Féminisme ou la Mort*), sem útkom árið 1974. Þar heldur hún því fram, að feðraveldið hafi kúgað og drottnað yfir konum, litskinnum, börnum, fátæklingum og náttúrunni, og hafi þegar valdið óbætanlegum skaða.

Nú tóku norður-amerískir kvenfrelsarar við keflinu, m.a. Mary Daly (1928-2010) með bók sinni „Kynvistfræði. Grundvallarsíðferði róttæktrar kvenfrelsunar“ (*Gyn/Ecology: The Metaethics of Radical Feminism*).“ Bókin kom út árið 1978. Samkvæmt Mary sagði Françoise d'Eaubonne, að „engin „bylting“ undir forystu karlmanna myndi spyrna við hryllingi offjölgunar mannkyns og eyðileggingar auðlinda. Ég geri þessa forsendu að minni, en nálgun mín og áhersla er önnur. Enda þótt mér séu hugleikin allra handa tilbrigði mengunar í reðurtæknisamfélagi [voru], er í bók þessari, „Kynvistfræði“ (*GynEcology – „kvenlækningar!“*) einkum fjallað um hug/anda/líkams-mengun, sem átt hefur sér stað við goðsagnir og tungumál feðraveldisins á öllum stigum.“

Árið 1990 gaf nemandi Mary, Carol J. Adams (f. 1951), út afar merka bók, „Kynjastjórnmál kjötsins: Gagnrýnin kenning á grundvelli grænkerakvenfrelsunar“ (*The Sexual Politics of Meat: A Feminist-Vegetarian Critical Theory* (1990). Fjórtán árum síðar fylgdi hún bókinni eftir með verkinu, „Kjötklámi“ (*The Pornography of Meat*).

Í hnotskurn er boðskapur höfundar sá, að snar þáttur menningar vorrar sé að smætta dýr í neysluvöru. Kjötið og neysla þess sé athöfn, sem tákni drottun karla á konum. Rauði

Þráðurinn í bókinni er limlesting karla á dýrum, sem minnir á misnotkun karla á konum, hvernig þeir notfæra sér og niðurlægja konukroppinn.

Dýrið er beitt ofbeldi, segir Carol: „Þegar dýrum er slátrað, verða þau fjarstödd viðmið. Dýrið og nafnið og líkaminn er firrtur til að dýr megi verða að kjöti. Líf dýra er forsenda ... tilurðar kjötsins. Lifandi dýr gætu ekki verið kjöt. Þannig kemur dauður líkami í stað lifandi dýrs. Kjötát ætti sér ekki stað án dýra. Engu að síður eru þau fjarstödd við átið, því þeim hefur verið umbreytt í fæðu.“

Karlar virðast ekki vilja gangast við dýraofbeldinu: „Tungumálið varpar hulu á raunveruleika kjötátsins og styrkir þannig táknræna merkingu þess, [þ.e.] að það sé eðlislægt feðraveldinu og körlum. Kjötát verður að tákni þess, sem sjónum er hulið, en ævinlega til staðar – drottun feðraveldisins yfir dýrum og tungumáli.“ ... „Að sumu leyti eru allir meðvitaðir um kjöt og kynjastjórnsmál. Þegar við hugsum sem svo, að karlmenn – sérstaklega karlíþróttamenn – hafi þurft fyrir kjöt eða þegar eiginkonur, sem gefið hafa kjöt upp á bátinn, elda það fyrir karla sína, koma í ljós tengsl kjötáts og þróttmikils karls.“

Konur eru annars flokks borgarar, hið síðra kyn Simone de Beauvoir: „Konur, annars flokks borgarar, leggja sér fremur til munns það, sem álitid er vera annars flokks fæða í feðraveldismenningunni; grænmeti, ávexti og korn, í stað kjöt. Með kynfólkskunni, sem í kjötsnæðingnum er fólgin, er endurtekin stéttaaðgreiningin [milli kvenna og karla] með viðauka; þeirri goðsögn, sem tekur sér bólfestu í öllum stéttum manna, að kjöt sé karlmennafæða og að hvoma í sig kjöti sé karlmannlegur gjörningur.“

Kjötát karla felur í sér ofbeldi gegn dýrum á sama hátt og gegn konum: „Á sama hátt og kvenfrelsarar lýstu því yfir, að „nauðgun“ væri ofbeldi, en ekki kynlíf, stendur hugur grænkeru til þess að tala um ofbeldi kjötátsins.“ ... „Karlar sem berja konur [sínar] nota oft og tíðum kjötleysi sem afsökun fyrir ofbeldi gegn þeim.“

Því snýst kvenfrelsun ekki einvörðungu um konur: „Fremur er um að ræða víðtækari kúgunargreiningu, sem felur í sér frelsunarhugsjón langt út yfir mörk frjálslyndisjafnréttis, og tekur til annars konar lífs handan þess mannlega.“ ... „Það er trú okkar, að kvenfrelsunarfræði sé umbreytingarheimspeki, sem miði að umbótum á öllu lífi jarðar, öllum tilbrigðum þess, öllum náttúrulegum einingum þess. Það trú okkar, að kúgun í öllum myndum sé samtengd. Frelsi einnar lífveru er hjóm, þar til tekst að frelsa allar frá misnotkun, niðurlægingu, rányrkju, mengun og viðskiptum.“ (Carol J. Adams og Josephine Donovan: *Animals and Women: Feminist Theoretical Explorations*)

Persónuleg yfirlýsing Carol hljómar svo: „Ég er grænkerakvenfrelsari, þar eð ég er eitt dýr meðal margra og ég óska þess ekki, að þetta samband einkennist af neyslustigveldi.“

Höfundur er ellilífeyrisþegi og uppgjafabóndi m.m. Þýðingar eru hans.